

# STARFSLÝSING



## I. GRUNNUPPLÝSINGAR

SVEITARFÉLAG:	Dalabyggð
STARFSHEITI:	Starfsmaður í skóla m. stuðning
ÍSTARFSNÚMER:	3330.08
DEILD / SVIÐ / STOFNUN:	Grunnskóladeild Auðarskóla
STARFSHLUTFALL:	Á við alla starfsmenn m. stuðning óháð starfshlutfalli
STARFSHEITI NÆSTA YFIRMANNS:	Skólastjóri/staðgengill skólastjóra sem felur verkefnastjóra í sérkennslu faglegt skipulag og útfærslu þjónustunnar og kennurum daglega verkstjórn

## II. TILGANGUR / MARKMIÐ STARFSINS

Starfsmatslýsing: Starfsmaður starfar með nemendum með einhvers konar fötlun, röskun og/eða sérþarfir samkvæmt skilgreiningu sérfræðings. Sérþarfir nemendanna eru þess eðlis að þeir þurfa sérstakan starfsmanna með sér í öllu skólastarfi. Meðal verkefna eru félagslegur stuðningur og þjálfun. Á við um stuðningsfulltrúa í sérdeildum en getur einnig átt við þar sem ekki eru starfræktar sérdeildir.

Starfsmaður er nemendum og kennurum til stuðnings við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af þar til gerðri áætlun sem hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda/nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

## III. HELSTU VERKEFNI

1. Vinnur eftir gildum, stefnu og áherslum skólans.
2. Gætir þess að skólareglur séu virtar.
3. Aðstoðar nemanda/nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi.
4. Vinnur eftir áætlun sem umsjónarkennari hefur útbúið í samráði við kennara, verkefnastjóra sérkennslu, sálfræðing eða annan ráðgjafa.
5. Aðstoðar nemanda/nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt skólanámskrá / einstaklingsnámskrá undir leiðsögn kennara.
6. Aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara.
7. Ýtir undir færni og sjálfstæði nemanda í námi og daglegum athöfnum t.d. með því að hvetja þá til að gera sem mest sjálfa og hrósa þeim fyrir viðleitni í þá átt.
8. Leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu.
9. Veitir nemendum félagslegan stuðning með því að hlusta á frásagnir og reynslu þeirra og spjalla við þá þegar aðstæður leyfa.
10. Aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð.
11. Sinnir gæslu í frímínútum, hádegismat og vettvangsferðum eftir skipulagi skólastjóra og aðstæðum hverju sinni.
12. Móttaka nemenda og umsjón með þeim að morgni.

13. Fylgir einum eða fleiri nemendum eftir á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum, hádegismat og vettvangsferðum og aðstoðar þá eftir þörfum.
14. Getur eftir aðstæðum einnig sinnt öðrum nemendum í bekknum, m.a. til að kennari geti aðstoðað nemanda sem þarf séraðstoð og til að draga úr sérstöðu nemanda með sérþarfir.
15. Samskipti og samstarf við starfsfólk skólans.
16. Annast önnur þau störf sem honum kunna að verða falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

#### **IV. ÖNNUR VERKEFNI**

- Situr fundi með umsjónarkennara, fagteyma- og foreldrafundi, starfsmannafundi og stigsfundi eftir því sem við á.
- Þegar starfsmaður m. stuðning þarf ekki að sinna einstökum nemendum skal hann annast önnur störf og vinna þau verk sem skólastjóri setur honum hverju sinni.

#### **V. KRÖFUR UM MENNTUN OG / EÐA REYNSLU / HÆFNI**

- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum.
- Hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Hæfni til að vinna í teymi
- Stundvísi

#### **VI. SAMSKIPTI**

Við nemendur, kennara, aðra starfsmenn, skólastjóra og foreldra eftir atvikum.

#### **VII. VINNUAÐSTÆÐUR**

Starf starfsmanns m. stuðning fer að mestu leyti fram innandyra. Starfsmaður sinni einnig útigæslu.

#### **VIII. MANNAFORRÁÐ**

## IX. ÁBYRGÐ

Starfsmaður sem sinnir stuðningi nemenda í Auðarskóla skal ávallt vinna eftir lögum um grunn- og leikskóla, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Dalabyggðar, eftir því sem við á. Starfsmaður skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, sýna nemendum og starfsmönnum gott fordæmi og hafa skólareglur í heiðri. Starfsmaður vinnur líkt og aðrir starfsmenn eftir reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, 3. gr. Starfsmenn í skóla með stuðning eru bundnir þagnarskyldu um það sem verða áskynja um persónulega hagi og málefni nemenda og kennara og fjölskyldna þeirra. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

## X. STEFNUMÓTUN OG / EÐA NEFNDARSETA

Starfsmaður sem sinnir stuðningi nemenda í Auðarskóla er hluti liðsheildar starfsmanna skólans og er því virkur þátttakandi í stefnumótun og teymlum eftir því sem við á.

DAGSETNING:	1.1.2023
-------------	----------

STARFSLÝSING TEKUR GILDI:	1.1. 2023
---------------------------	-----------

UNDIRSKRIFT YFIRMANNNS:	
-------------------------	--

